

242. fundur - 14. nóvember 2005

Fundurinn hófst kl. 15:05. Mættir allir aðalmenn nema Stefán Jónsson. Í hans stað mætt Rebekka Eiríksdóttir varamaður. Sveitarstjóri sat einnig fundinn og reit fundargerð.

Oddviti bauð menn velkomna og las upp boðaða dagskrá.

Sveitarstjóri óskaði eftir að fá að leggja fram þrjú mál undir dagskrárliðnum “önnur mál.” Samþykkt.

Var þá gengið til fundar.

Fundargerðir nefnda

- 1) Sveitarstjóri fór yfir fundargerð 241. fundar hreppsnefndar. Engar athugasemdir.
- 2) Fundargerð stjórnar embættis byggingarfulltrúa 17. október 2005. Samþykkt.
- 3) Fundargerð stjórnar Barmahlíðar 25. október 2005. Samþykkt.
- 4) Fundargerð brunamála- og almannavarnanefndar 3. nóvember 2005. Samþykkt.
- 5) Fundargerð umhverfis- og náttúruverndarnefndar 9. nóvember 2005. Ábendingu nefndarinnar varðandi notkun mótorhjóla við smalamennsku beint til fjallskilaneftndar. Fundargerð samþykkt.
- 6) Tvær fundargerðir barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum frá 15. september og 3. nóvember 2005. Lagðar fram til kynningar.

Mál til afgreiðslu

- 1) Tilboð frá Snæbirni Jónssyni í Mosfellsbæ í 25% eignarhlut Reykhólahrepps í jörðinni Hjöllum í Þorskafirði. Samþykkt að hafna tilboðinu. Oddviti lagði til að eignarhlutur hreppsins í Hjöllum og einnig í landi Þórisstaða yrði auglýstur til sölu. Tillagan felld með tveimur atkvæðum gegn einu.
- 2) Fundargerð heilbrigðisnefndar Vestfjarða 14. október 2005. Lögð fram til kynningar. Einnig fjárhagsáætlun heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2006 lögð fyrir til samþykkis. Fjárhagsáætlun samþykkt.
- 3) Fjárbeiðni frá Stígamótum fyrir árið 2006. Samþykktur styrkur kr. 10.000,-
- 4) Fjárbeiðni frá Sambandi breiðfirska kvenna. Farið er fram á kr. 10.000,- Samþykkt.

Mál til kynningar

- 1) Úrslit sameiningarkosninga hinna síðari 5. nóvember 2005 við Dalasýslu. Tillagan var felld.
- 2) Erindi frá verkefnisstjórn um nýskipan lögreglumála, kynningarfundur fyrir sveitarstjórnarmenn á Ísafirði 16. nóvember. Samþykkt að senda sveitarstjóra á fundinn.
- 3) Vöktun arnarstofnsins í Reykhólahreppi, skýrsla Kristins H Skarphéðinssonar hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.
- 4) Samkomulag milli Sandblásturs ehf og Reykhólahrepps um lokagreiðslu frá Reykhólahreppi í verkið “Reykhólar – Stofnæð vatnsveitu.”
- 5) Fundargerð 728. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Önnur mál

- 1) Fréttatilkynning frá Skipulagsstofnun um að 9. nóvember hafi hafist kynningartími matsskýrslu Vegagerðarinnar vegna mats á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar nr. 60, Bjarkalundur-Eyri í Reykhólahreppi.
- 2) Erindi frá Hópfærðamiðstöðinni-Vestfjarðaleið h/f, en það fyrirtæki tekur við áætlunarakstri til Reykhóla 1. janúar 2006. Óskað er eftir ábendingum. Oddviti lagði til að erindið yrði kynnt í Jónsbúð og í Kaupfélagi Króksfjarðar. Samþykkt.

- 3) Sögukort Vestfjarða, skissa frá Rannsóknnum & Ráðgjöf lögð fram til umsagnar. Umsögn hreppsnefndar er jákvæð.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:35

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Björk Bárðardóttir (sign)

Þórður Jónsson (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)